

FJÁRMÁLA^eFTIRLITID

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2010

Leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja.

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

4. október 2010

I. Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit nr. 87/1998. Tilmælunum er beint til fjármálafyrirtækja, og gilda eftir því sem við á bæði fyrir móðurfélög og samstæður fjármálafyrirtækja. Tilmælin munu leysa af hólmi leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2008, um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja.

Tilmæli þessi byggja á tilmælum frá Basel nefndinni um bankaeftirlit (*e. Principles for Sound Liquidity Risk Management and Supervision*)¹ sem voru síðast uppfærð í september 2008 og setja fram nokkrar meginreglur um bestu framkvæmd lausafjárstýringar. Í tilvitnuðu skjali frá Basel nefndinni er að finna nánari umfjöllun og vísast til þess varðandi frekari skýringar.

Laust fé, eða geta til að fjármagna aukningu í eignum og standa við skuldbindingar þegar þær falla til, er grundvallaratriði fyrir rekstrarhæfi sérhvers fjármálafyrirtækis. Stýring á lausafé er þess vegna meðal þýðingarmestu starfsþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis. Traust stýring á lausu fé getur dregið úr líkum á alvarlegum áföllum. Mikilvægi lausafjárstýringar er ekki eingöngu bundið við einstök fjármálafyrirtæki þar sem áfall hjá einu fjármálafyrirtæki getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Af þeim sökum er mikilvægt að greina hvernig fjármögnunarpörf kynni að þróast við ólíkar aðstæður, þ.m.t. erfið ytri skilyrði, auk þess að mæla lausafjárstöðu með reglubundnum hætti.

Þeir erfiðleikar sem hófust á alþjóðavettvangi um mitt ár 2007 leiddu til þess að nauðsynlegt reyndist að endurskoða mikilvægi lausafjárstýringar og -stöðu hjá fjármálafyrirtækjum. Basel nefndin um bankaeftirlit komst að þeirri niðurstöðu að lausafjárstýringu flestra fjármálafyrirtækja væri ábótavant. Meðal þeirra atriða sem Basel nefndin telur að læra megi af fjármálakreppunni er að gefa ítarlegri leiðbeiningar um:

- mikilvægi þess að skilgreina áhættuþol vegna lausafjáráhættu;
- að viðhalda viðunandi lausu fé m.a. með því að viðhalda varaforða af nægilegum auðseljanlegum eignum;
- nauðsyn þess að dreifa lausafjáarkostnaði, ávinningi og áhættu til allra mikilvægra sviða starfseminnar;
- greiningar og mælingar á öllum tegundum lausafjáráhættu, þ.m.t. ófyrirséðri lausafjáráhættu;
- þróun og notkun á alvarlegum sviðsmyndum í álagsprófum;
- þörf á öflugri og virkri viðbúnaðaráætlun;
- stýringu daglegrar lausafjáráhættu og eftirlit með veðum; og
- opinbera upplýsingagjöf til að efla markaðsaðhald.

Tilmælin leggja einnig áherslu á hlutverk eftirlitsaðila² við að meta lausafjárstýringu og gæði lausafjár. Tilmælin taka mið af lausafjárstýringu hjá stærri fjármálafyrirtækjum en eiga þó almennt við um bestu framkvæmd hjá öllum fjármálafyrirtækjum. Við framkvæmdina skal taka mið af eðli, stærð og margbreytileika fjármálafyrirtækis.

Tilmælin byggjast á eftirfarandi 17 meginreglum við stýringu og eftirlit með lausafjáráhættu.

¹ <http://www.bis.org/publ/bcbs144.htm>

² Með eftirlitsaðila er átt við hlutverk Seðlabanka Íslands í samræmi við 12. gr. laga nr. 36/2001 og hlutverk Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 83. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

II. Efni leiðbeinandi tilmæla um bestu framkvæmd á lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja.

Stýring og eftirlit með lausafjárahættu

1: Fjármálafyrirtæki ber ábyrgð á að fyrir hendi sé fullnægjandi lausafjárstýring. Fjármálafyrirtæki ber að koma sér upp traustri umgjörð um stýringu lausafjárahættu sem tryggir að viðhaldið sé nægilegu lausu fé, þ.m.t. auðseljanlegum lausafjareignum, til að þola ýmis konar áföll, þ.m.t. þau er leiða af sér tap eða afskriftir vegna lokunar á tryggum jafnt sem ótryggum fjármögnunarleiðum. Eftirlitsaðilar, Fjármálaeftirlitið og eftir atvikum, Seðlabanki Íslands, leggja mat á hvort stýring og eftirlit með lausafjárahættu og lausafjárstöðu sé fullnægjandi og grípa til aðgerða sé það ekki fullnægjandi, í því skyni að vernda innlánaeigendur og takmarka mögulegt tjón fyrir fjármálakerfið.

Fjármálafyrirtækjum ber að skila lausafjárskýrslu til Seðlabankans mánaðarlega. Fjármálaeftirlit getur krafist sérstakra lausafjárskýrslna af fjármálafyrirtækjum þar sem starfsleyfi er háð ýmsum skilyrðum.

Stjórnarhættir við stýringu lausafjárahættu

2: Fjármálafyrirtæki ber að setja sér skýr þolmörk fyrir lausfjárahættu sem er viðeigandi fyrir stefnu þess og hlutverk innan fjármálakerfisins.

3: Stjórnendum ber að setja sér stefnu, reglur og starfsvenjur vegna stýringar lausafjárahættu í samræmi við áhættuþol og til tryggingar því að fjármálafyrirtækið eigi ávallt nægilegt laust fé. Stjórnendum ber að hafa allar upplýsingar um lausafjárþróun bankans til stöðugrar endurskoðunar og gefa stjórn reglulega skýrslu um þróunina. Stjórn ber að endurmeta og samþykkja stefnu, reglur og starfsvenjur í tengslum við lausafjárstýringu að minnsta kosti einu sinni á ári og tryggja að stjórnendur stýri lausafjárahættu á skilvirkan hátt.

4: Fjármálafyrirtæki ber að hafa til hliðsjónar lausafjarkostnað, ávinning og áhættu við innri verðlagningu, afkomumælingu og samþykkt nýrra vöruflokka, á öllum mikilvægum sviðum starfseminnar (bæði á efnahagsreikningi og utan hans) og samræma á þann hátt áhættusækni einstakra viðskiptasviða við þá lausafjárahættu sem starfsemi þeirra skapar fyrir fjármálafyrirtækið sem heild.

Mæling og stýring lausafjárahættu

5: Fjármálafyrirtæki ber að búa yfir traustri aðferð til að greina, mæla, fylgjast með og stýra lausafjárahættu. Þessi aðferð skal fela í sér trausta umgjörð til að setja fram ítarlegar spár um sjóðstreymi frá eignum, skuldum og liðum utan efnahagsreiknings yfir viðeigandi tímabil.

6: Fjármálafyrirtæki ber að fylgjast með og stýra lausafjárahættu og fjármögnunarpörf með virkum hætti innan samstæðu, viðskiptaeininga og gjaldmiðla með hliðsjón af takmörkunum á flæði lausafjár settum fram í lögum, af eftirlitsaðilum eða af öðrum ástæðum.

7: Fjármálafyrirtæki ber að setja sér fjármögnunarstefnu sem stuðlar að fjölbreytni hvað varðar uppruna og binditíma fjármagns. Fjármálafyrirtæki ber að viðhalda virkri þátttöku á þeim fjármagnsmörkuðum sem það hefur valið og sterkum tengslum við fjármögnunaraðila í þeim tilgangi að stuðla að fjölbreytni í uppruna fjármagns. Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma reglulegar mælingar á getu sinni til að afla fjár með skjótum hætti frá fjármögnunaraðilum. Því ber að skilgreina helstu þætti sem haft gætu áhrif á getu þess til að afla fjármagns og fylgjast náið með þeim til að tryggja að mat á fjármögnunargetu sé fullnægjandi.

8: Fjármálafyrirtæki ber að beita virkri stýringu á daglegri lausafjárstöðu og lausafjánhættu sinni til að fullnægja greiðslu- og uppgjörsskuldbindingum í tæka tíð við eðlilegar aðstæður sem og á álagstimum og stuðla með þeim hætti að hnökralausri virkni greiðslu- og uppgjörskerfa.

9: Fjármálafyrirtæki ber að beita virku eftirliti með stöðu veða sinna með skýrum greinarmun milli illseljanlegra og auðseljanlegra eigna. Fjármálafyrirtæki ber að fylgjast með veðstöðu eftir lögaðilum, staðsetningu og gjaldmiðlum og hvernig megi nýta hana í tæka tíð.

10: Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma reglulega álagspróf á ýmsum tímabundnum og langvarandi álagsþáttum, þ.m.t. álagspróf á úttektir innlána, sem eru annað hvort kerfislegir og/eða sértækir fyrir fjármálafyrirtækið. Prófa ber álagsþættina eina og sér og í mismunandi samsetningu. Álagsprófið greinir þætti er valda álagi á lausafé og ber því að tryggja að núverandi áhættuskuldbindingar séu í samræmi við áhættuþol fjármálafyrirtækis á lausafé. Fjármálafyrirtækinu ber að nota niðurstöður álagsprófa til að aðlaga stefnu og reglur varðandi stýringu lausafjánhættu og lausafjárstöðu og til að þróa skilvirkar viðbúnaðaráætlanir.

11: Fjármálafyrirtæki ber að hafa til staðar skjalfesta viðbúnaðaráætlun um fjármögnun, sem samþykkt er af stjórn, þar sem sett er fram skýr stefna um hvernig bregðast skuli við lausafjárskorti í neyðartilvikum. Viðbúnaðaráætlunin skal fela í sér áætlun um viðbrögð stjórnenda í margs konar álagsumhverfi, fastsetja ábyrgðarhlutverk og skilgreina með afdráttarlausum hætti mismunandi áhættustig. Einnig ber að prófa og uppfæra áætlunina reglulega til að tryggja virkni og áreiðanleika hennar.

12: Fjármálafyrirtæki ber að eiga varaforða sem samsettur er úr auðseljanlegum gæðaeignum sem tryggingu gegn margvíslegu álagi á lausfé, svo sem álagi sem leitt gæti til taps eða skerts aðgengis að ótryggum og hefðbundnum, aðgengilegum og tryggum fjármögnunarleiðum. Ekki ættu að vera neinar lagalegar, stjórnvaldslegar eða rekstrarlegar hömlur á nýtingu þessara eigna til að afla fjármagns.

Opinber upplýsingagjöf

13: Fjármálafyrirtæki ber að birta opinberlega og með reglubundnum hætti upplýsingar sem gera markaðsaðilum kleift að leggja mat með upplýstum hætti á styrk lausafjárstöðu og stýringu lausafjánhættu fjármálafyrirtækisins.

Hlutverk eftirlitsaðila

14: Fjármálaeftirlitið mun framkvæma, með reglulegum hætti, heildarmat á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækis og þeim aðferðum sem það beitir við stýringu lausafjárahættu til að kanna þol fjármálafyrirtækis gagnvart álagi á lausafé miðað við hlutverk þess innan fjármálakerfisins.

15: Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með lausafjárstöðu fjármálafyrirtækis og stýringu þess á lausafjárahættu, m.a. með því að greina skýrslur um innri starfsemi, markaðsupplýsingar og aðrar skýrslur er málið varða.

16: Fjármálaeftirlitið mun, þegar við á, krefjast skilvirkra og tímanlegra aðgerða til úrbóta af hálfu fjármálafyrirtækis í þeim tilgangi að leiðrétta ágalla í stýringu lausfjárahættu eða lausafjárstöðu.

17: Fjármálaeftirlitið mun eiga samskipti/upplýsingaskipti við aðra eftirlitsaðila og stjórnvöld, s.s. Seðlabanka Íslands, bæði innanlands og erlendis, til að auðvelda skilvirkt samstarf varðandi eftirlit og umsjón með stýringu lausafjárahættu. Upplýsingagjöfin mun fara fram með reglubundnum hætti við eðlilegar aðstæður en aukast á álagstímum.

Reykjavík, 4. október 2010

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Ragnar Hafliðason